

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Breyting á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 25. febrúar 2010 breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis. Breytingin felst m.a. í eftirfarandi:

- A. Endurskoðun á fyrirkomulagi umferðar um Skólaveg og Kvenfélagsgarð.
- B. Heimilað er að setja gsm-loftnet á tvö af sex fyrirhuguðum lýsingarmöstrum við gervi-grasvöll.
- C. Aðkoma að tjaldsvæði frá Breiðamýri og bílastæðum við Skátaheimili.

Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Austurtún 8.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 25. febrúar 2010 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Austurtún 8. Breytingin felst í stækkun byggingarreits þar sem gert er ráð fyrir sólskála við suðurgafli hússins.

Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Miðskógar 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 25. febrúar 2010 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Miðskógar 1. Breytingin felst í stækkun byggingarreits þar sem gert er ráð fyrir sólskála við vesturgafli hússins.

Ofangreindir skipulagsupprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og taka breytingarnar þegar gildi.

Álftanesi, 11. maí 2010.

Bjarni S. Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.